

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Heiðarbrún 8a á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 4. maí 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Heiðarbrún 8a á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 27. janúar 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 2. mars til og með 23. mars 2006 með athugasemdafresti til og með 13. apríl 2006.

Deiliskipulag Tjarnarbyggðar í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. apríl 2006 tillögu að deiliskipulagi búgarðabyggðar í landi Kaldaðariness í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:5000 þann 28. nóvember 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 6. janúar til og með 3. febrúar 2006 með athugasemdafresti til og með 17. febrúar 2006.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsáætlanirnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 23. maí 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2006